

Nd.

278. Frumvarp til laga

um sameining Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Eftir árslok 1944 er fjármálaráðherra heimilað að sameina rekstur Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, þegar er hann telur það hagkvæmt. Eftir sameininguna skal nafn rekstrarins vera „Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins“.

2. gr.

Fjármálaráðherra ræður framkvæmdarstjóra og ákveður laun starfsmanna Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, ef þau eru ekki ákveðin í launalögum.

3. gr.

Reikningum hvorrar tegundar rekstrarins, áfengisverzlunarinnar og tóbaksverzlunarinnar, skal haldið aðskildum í bókhaldi, og lög nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, ásamt breytingum á þeim lögum, og áfengislög, nr. 33 19. janúar 1935, gilda áfram, eftir því sem þau eiga við, með þeirri breytingu, sem þessi lög ákveða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er vafasamt, að lagaheimildar þurfi til að framkvæma sameiningu á rekstri Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, en með því að hvort þessara fyrirtækja er stofnað samkvæmt sérstökum lögum og þau hafa í mörg ár verið sérstök fyrirtæki, þykir formlegra að leita lagaheimildar fyrir sameiningunni, enda þyrfti lagabreytingu til að breyta verzlunarheiti þeirra.